

30
19. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 73, frá 7. maí 1928, um slysatryggingar.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

a-liður 4. gr. laganna orðist svo:

Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 95. gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrstu 4 eða 8 vikurnar, en síðan eftir lögum þessum.

2. gr.

Síðasti másl. fyrri málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakast af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson,